

157

11. nív.

6. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkvæmt lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

158

11. nív.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum sjúkrasamlaga í sveitum og kaupúnum.

Samkvæmt lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, hefur ráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind sjúkrasamlög, samanber auglýsingu félagsmálaráðuneytisins nr. 25 14. febrúar 1957:

186. Sjúkrasamlag Mýrahrepps, A.-Skaftafellssýslu. Staðfest 6. júní 1958.

187. Sjúkrasamlag Miðneshrepps, Gullbringusýslu. Staðfest 29. október 1958.

188. Sjúkrasamlag Eyjahrepps, Hnappadalssýslu. Staðfest 11. nóvember 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.

159

11. nív.

AUGLÝSING

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldir úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsing ráðuneytisins, nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda 7. febrúar 1957:

22. Nefnd Félags íslenzkra rafvirkja. Staðfest 12. júní 1958.

23. Nefnd Verkalýðsfélags Stykkishólms. Staðfest 10. september 1958.

24. Nefnd Verkalýðsfélagsins Jökuls, Höfn í Hornafirði. Staðfest 11. nóvember 1958.

Félagsmálaráðuneytið, 11. nóvember 1958.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.